



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/476
komudagur 15.12.2008

Reykjavík 14. desember 2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 179. mál.

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

Fyrir Alþingi liggur að taka afstöðu til þess hvort nýta eigi heimild í stækkunarsamningi vegna aðildar Rúmeníu og Búlgaríu að Evrópska efnahagssvæðinu til að fresta frjálsri för launafólks frá þessum ríkjum í allt að þrjú ár til viðbótar við þau tvö ár sem þegar hafa verið nýtt.

Alpýðusamband Íslands lýsti á sínum tíma stuðningi við það að nýtt yrði heimild til að fresta stækkun vinnumarkaðarins gagnvart frjálsri för launafólks frá Búlgaríu og Rúmeníu í tvö ár eða til ársbyrjunar 2009. Helstu rökin fyrir afstöðu ASÍ þá voru að „...ennþá vanti verulega á að framkvæmd opinberra eftirlitsaðila og eftirfylgni sé með þeim hætti að nægilega sé tryggt að erlent launafólk njóti þeirra kjara og réttinda sem því ber. Hvorutveggja er að löggjöfin sem framfylgja ber er ný til komin og að ennþá skortir á skipulag og samhæfingu af hálfu þeirra stjórnvalda og stjórnvæðisinstansanna sem koma að þessum málaflokki. Unnið er að því að bæta hér úr og eru bundnar vonir við að skipulag og framkvæmd verði komin í ásættanlegt horf á næstu mánuðum og misserum.“ Þótt margt hafi áunnist í þessum efnum síðustu tvö ár telur ASÍ að ennþá eigi framangreind rök að nokkru við.

Við það sem að framan segir bætast þær aðstæður sem nú eru uppi á íslenskum vinnumarkaði, með miklum samdrætti í atvinnulífin og ört vaxandi atvinnuleysi.

Alpýðusamband Íslands lýsir stuðningi við efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Fyrir liggur að í kjölfar fyrri stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins árið 2004 hefur mikill fjöldi launafólks frá þeim ríkjum sem þá gengu í Evrópska efnahagssvæðið komið til starfa hér á landi. Ástæðu þess má rekja til þess að sama tíma í stækkunin átti sér stað stóðu yfir miklar verklegar framkvæmdir hér á landi og almenn þensla var í íslensku efnahagslífi. Þannig má fullyrða að saman hafi farið þörf íslensks atvinnulífs fyrir erlent launafólk og möguleikar og þörf launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum fyrir atvinnu.

Ljóst er að íslensk stjórnvísla og regluverk var ekki tilbúið undir þær miklu breytingar og fjölþættu vandamál sem sköpuðust á vinnumarkaði í tengslum við þá miklu fjölgun sem varð á erlendu launafólki. Þannig komu upp fjölmörg dæmi um að brotið væri að því erlenda launafólki sem hingað kom til starfa hvað varðaði launakjör, önnur starfstengd réttindi og aðbúnað allan. Með þeim hætti var reynt að nota erlent launafólk til undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Þá voru mikil brögð að því að erlend fyrirtæki, bæði starfsmannaleigur og aðrir þjónustuveitendur, væru með starfsemi hér á landi og nýttu til þess erlent launafólk án þess að slík starfsemi væri skráð, upplýsingar lægju fyrir um umfang starfseminnar og kjör starfsmanna eða af þessari starfsemi væru greiddir skattar og aðrar skyldur til samfélagsins.

Af hálfu Alþýðusambandsins var strax í upphafi gerð sú krafa að löggjöf og annað regluverk yrðu endurskoðuð með það að markmiði að koma mætti í veg fyrir misnotkun á erlendu launafólki og að það væri notað til undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt lagði ASÍ áherslu á að starfsemi starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja yrðu mótaðar skýrar reglur til að verja kjör starfsmanna þeirra og koma í veg fyrir að slík fyrirtæki gætu skapað sér samkeppnisforskot í atvinnulífinu með undirboðum í skjóli þess að virða ekki þau kjör og reglur sem gilda fyrir innlend fyrirtæki.

Í annan stað lagði ASÍ áherslu á að styrkja þyrfti alla framkvæmd og eftirlit með því að kjarasamningar og lög væru virt gagnvart erlendu launafólki sem hér starfar og erlendum fyrirtækjum sem hér veittu þjónustu. Af hálfu ASÍ og aðildarsamtaka þess var mikil vinna lögð í að útbúa upplýsinga- og kynningarefni fyrir erlenda launafólkið, auk þess sem allt vinnustaðaeftirlit var stórefit. Krafa ASÍ var að stjórnvöld og stjórnvíslustofnanir sem málið varða efltu sína starfsemi og eftirlit og tækju á málum af festu í þeim tilfellum þar sem uppvíst væri að verið væri að svindla á erlendum starfsmönnum og fyrirtæki væru að brjóta kjarasamninga og lög.

Á síðustu misserum hefur náðst ágætt samstarf milli Alþjóðsambandsins og aðildarsamtaka þess, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda um málefni erlends launafólks á íslenskum vinnumarkað í góðu samræmi við þau sjónarmið sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram í þessum málum.

Þannig hefur allur laga- og regluramminn verið bættur til muna og réttindi og skyldur erlends launafólks og erlendra fyrirtækja með starfsemi hér á landi verið treyst með það að markmiði að erlent launafólk njóti sömu eða sambærilegra kjara og réttinda og aðrir á íslenskum vinnumarkaði og að starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki upplýsi um starfsemi sína hér á landi og fylgi þeim lögum og reglum sem hér gilda. Nægir í þessu sambandi að benda á samkomulag ASÍ og SA um réttindi og kjör erlendra starfsmanna frá 7. mars 2004, tillögur ASÍ og SA vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi frá 22. júní 2007, breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga frá apríl 2006, þar sem sérstaklega er tekið á skyldum fyrirtækja sem ráða starfsmenn frá 8 nýjum aðildarríkjum EES, lög um starfsmannaleigur nr. 139/2005 með síðari breytingum, lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör þeirra starfsmanna nr. 45/2007 og nú síðast tillögur starfshóps fulltrúa stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá því fyrr í þessum mánuði.

Það er mat Alþýðusambands Íslands að með framangreindum aðgerðum hafi laga og regluramminn um réttindi og skyldur erlends launafólks hér á landi og starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja verði treystur til mikilla muna og að löggjöfin eigi að tryggja að erlent launafólk njóti sömu eða sambærilegra kjara og réttinda og aðrir á innlendum vinnumarkaði. Þá eigi réttindi og skyldur starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja að vera skýr og ótvíræð, m. a. hvað varðar skyldu til að veita upplýsingar um starfsemi sína hér á landi og skyldur gangvart starfsmönnum sínum. Jafnframt er í lögum að finna heimildir og úrræði fyrir stjórnvöld til að bregðast við og grípa til nauðsynlegra ráðstafana ef ekki er farið að lögum og réttindi erlendra starfsmanna fyrir borð borin. Má jafnvel fullyrða að lagaramminn hér á landi sé einhver sá traustasti á Evrópska efnahagssvæðinu hvað þetta varðar.

Það er jafnframt mat Alþýðusambands Íslands að ennþá vanti verulega á að framkvæmd opinberra eftirlitsaðila og eftirfylgni sé með þeim hætti að nægilega sé tryggt að erlent launafólk njóti þeirra kjara og réttinda sem því ber. Hvorutveggja er að löggjöfin sem framfylgja ber er ný til komin og að ennþá skortir á skipulag og samhæfingu af hálfu þeirra stjórnvalda og stjórnarsýslustofnana sem koma að þessum málaflokki. Unnið er að því að bæta hér úr og eru bundnar vonir við að skipulag og framkvæmd verði komin í ásættanlegt horf á næstu mánuðum og misserum.

Opnun vinnumarkaðarins að fullu gagnvart launafólki frá Rúmeníu og Búlgaríu áður en skipulag og eftirlit með réttindum erlends launafólks á vinnumarkaði er komið í fastara og betra form gæti leitt til frekari og alvarlegri vandamála en þegar eru fyrir hendi.

Í ljósi þess sem að framan segir er eðlilegt að íslensk stjórnvöld nýti frestunarheimild hvað varðar frjálsa för launafólks frá Rúmeníu og Búlgaríu a.m.k. tímabundið, þar til eftirlit og framkvæmd stjórnvalda með kjörum erlends launafólks sem kemur hér á grundvelli frjálsrar farar er


komið í það horf sem stefnt er að. Með því að atvinnurekendur sem vilja ráða launafólk frá þessum löndum þurfa að sækja um atvinnu- og dvalarleyfi fyrir það á að vera tryggt að stjórnvöld hafi fullnægjandi upplýsingar um störf þess og ráðningarkjör, geti komið til þess upplýsingum og leiðbeint og gripið til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur.

Að lokum skal áréttað að frestun er engin lausn til frambúðar. Eftir stendur það mikilvæga verkefni að tryggja öllu launafólki sem starfar á íslenskum vinnumarkaði, hverrar þjóðar sem það er, þau kjör og réttindi sem því ber. Það verður aðeins gert með því að efla og treysta starfsemi stjórnvalda og eftirlitsstofnana og tryggja gott samráð og samstarf þessara aðila og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmdina.

Alþýðusamband Íslands lýsir stuðningi við efni frumvarpsins og leggur ríka áherslu á að það verði að lögum sem fyrst, enda liggur fyrir að bæði af hálfu launafólks og atvinnurekenda er beðið eftir því að það taki gildi. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu og áréttað var á fundi félags- og trygginganefndar sl. föstudag er tilgangur frumvarpsins sá að fyrirtæki sem standa frammi fyrir þrengingum og samdrætti í starfsemi sinni fari frekar þá leið að draga úr starfshlutfalli starfsmanna sinna tímabundið fremur en að segja upp ráðningarsamningi þeirra.

Jafnframt skal áréttuð sú afstaða Alþýðusambandsins, vegna gildistíma laganna, að tíminn fram til 1. maí n.k. verði notaður til að meta reynsluna af framkvæmd þessara breytinga á lögnum um atvinnuleysistryggingar og reynsluna af lögnum að öðru leyti í ljósi samdráttarins á vinnumarkaði og vaxandi atvinnuleysis.

Virðingarfyllst,



Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Guðbjartur Hannesson, formaður
Alþingi - nefndarsvið
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/517
komudagur 16.12.2008

Reykjavík 15. desember 2008
Tilv.: FEL08110093/0012

Texti:

Félags- og tryggingamálaráðuneytið vísar til erindis félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 11. desember sl., þar sem óskað er eftir svörum ráðuneytisins við álitaeftum í tengslum við ákvæði 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og tengist umfjöllun nefndarinnar um 179. mál – frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Almennt öryggisákvæði 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Í 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er að finna almennt öryggisákvæði sem samningsaðilar geta beitt einhliða en í 113. gr. samningsins er kveðið á um málsmeðferð við slíkar aðstæður. Samkvæmt 2. mgr. 112. gr. samningsins er að finna mjög mikilvæga meðalhófsreglu sem ber að hafa að leiðarljósi við mat á því hvort grípa skuli til þeirra öryggisráðstafana sem ákvæðið felur í sér. Þar er sérstaklega kveðið á um að ráðstafanir skv. 1. mgr. skuli takmarkast við það sem bráðnauðsynlegt er til að ráða bót á ástandi því sem hefur skapast og skulu valdar með það að markmiði að raska sem minnst framkvæmd samningsins.

Enn fremur ber stjórnvöldum að tilkynna um hugsanlega fyrirætlun um beitingu öryggisráðstafana til sameiginlegu EES-nefndarinnar og hafa þar samráð innan nefndarinnar sem hefur það markmið að finna lausn á vandamálinu, sbr. 1. og 2. mgr. 113. gr. samningsins. Óheimilt er að grípa til ráðstafana fyrr en einum mánuði eftir tilkynningu um beitingu þeirra, nema samráð hafi þegar farið fram innan þess tíma. Þessi málsmeðferð skal meðal annars tryggja góða framkvæmd samningsins og að meðalhófsreglu 2. mgr. 112. gr. samningsins sé gætt í hvívetna. Samráði innan nefndarinnar skal framhaldið á þriggja mánaða fresti með það fyrir augum að fella þær niður eða takmarka gildi þeirra eins og unnt er, sbr. 5. mgr. 113. gr. samningsins.

Þá ber að líta til þess að sé gripið til öryggisráðstafana skv. 112. gr. samningsins gilda þær gagnvart öllum samningsaðilum með sama hætti, en óheimilt er að beita þeim einungis gagnvart tilteknum ríkjum. Hefði það því í för með sér að meginreglan um frjálsa för um Evrópska efnahagssvæðið gildi ekki tímabundið hvað Ísland varðar. Jafnframt skal haft í huga að öðrum aðildarríkjum er heimilt að grípa til gagnaðgerða ef öryggisráðstöfun veldur

misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt samningnum, sbr. 1. mgr. 114. gr. samningsins. Við slíkar aðstæður gildir sama málsmeðferð og reifuð hefur verið að framan varðandi öryggisráðstafanir.

Fyrirvarar vegna nýrra aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Við stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðið sem kom til framkvæmda 1. maí 2004 var samið um sérstök aðlögunarákvæði varðandi átta af tíu nýjum aðildarríkjum (Malta og Kýpur undanskilin). Það sama var upp á teningnum við inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í janúar 2007, en sú stækkun kom til framkvæmda hvað samninginn um Evrópska efnahagssvæðið varðar 1. ágúst s.á. Heildaraðlögunartíminn var í báðum tilvikum sjö ár ef aðstæður á vinnumarkaði kölluðu á slíkt, sbr. einnig bókun 44 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Hafi aðildarríki tekið ákvörðun um að nýta sér ekki aðlögunarákvæði samningsins verður ekki aftur snúið til fyrra horfs og gilda þá meginreglur samningsins um frjálsa för án takmarkana.

Engu síður er að finna sérstakt öryggisákvæði sem heimilt er að grípa til allt að sjö árum eftir inngöngu ríkjanna vegna óróleika á vinnumarkaði eða hættu á slíku sem geti stefnt lífshkjörum eða atvinnustigi á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu. Ekki er nánar tilgreint í hverju slíkar ráðstafanir geta verið fólgnar, en það verður að teljast líklegt að þær fælust í því að reglur Evrópusambandsins um frjálsa för gildi ekki gagnvart öllum nýju aðildarríkjunum eða þá einungis einu þeirra eða fleirum, um tiltekna atvinnugrein eða tiltekið svæði.

Um málsmeðferð við beitingu þessara öryggisráðstafana gildir ákvæði 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og bærir íslenskum stjórnvöldum því skylda til að taka málið upp í sameiginlegu EES-nefndinni áður en gripið væri til aðgerða. Aðgerðir af þessu tagi yrðu í eðli sínu alltaf tímabundnar því þær gætu ekki staðið lengur en til loka apríl 2011 að því er átta ríkin varðar sem urðu aðilar 2004 og til loka árs 2013 að því er Búlgaríu og Rúmeníu varðar.

Það mál sem nú er til umfjöllunar í félags- og tryggingamálanefnd varðar aðlögunarákvæði sem voru nýtt við inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu 1. janúar 2007. Hámarksaðlögunartími er sjö ár og gildir til 1. janúar 2014. Mun annar af þremur hlutum aðlögunartímabilsins hefjast 1. janúar nk. og þurfa þá ríki að hafa tekið afstöðu til þess hvort þau vilji áfram beita landslögum að því er varðar aðgengi Búlgara og Rúmena að vinnumörkuðum sínum eða hvort sameiginlegar reglur Evrópusambandsins um frjálsa för launafólks skuli taka gildi.

Aðstæður á íslenskum vinnumarkaði.

Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar var skráð atvinnuleysi í nóvember 2008 3,3% eða að meðaltali 5.445 manns. Í kjölfar þrenginganna á fjármálamarkaði sigldi mikill samdráttur í flestum atvinnugreinum, einkum í byggingariðnaði, verslun, iðnaði og þjónustu. Atvinnuleysi jókst um 80% á höfuðborgarsvæðinu frá því í október en tæp 70% á landsbyggðinni. Atvinnuleysi var í nóvember mest á Suðurnesjum 7,2% en minnst á Vestfjörðum 0,6%. Atvinnuleysi meðal ungs fólks hefur aukist meira en þeirra eldri og hefur atvinnuleitendum á aldrinum 16-24 ára fjölgað úr 850 í lok október í 1.480 í lok nóvember.

Í framangreindum tölum verður að taka tillit til þess að ekki eru allir að fullu án atvinnu þannig að í lok nóvember voru samtals 6.350 manns skráðir á atvinnuleysisskrá hjá Vinnumálastofnun. Af þeim voru 662 atvinnuleitendur í hlutastörfum eða um 10%. Einstaklingum sem fá greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur hefur fjölgað í kjölfar nýrra laga sem samþykkt voru frá Alþingi í nóvember sl. en 210 einstaklingar hafa sótt um

atvinnuleysisbætur á grundvelli nýju laganna.

Við lok fimmtudagsins 11. desember sl. voru 8.736 atvinnuleitendur skráðir í skráningargrunni Vinnumálastofnunar og nemur fjölgunin um 2.100 einstaklingum frá mánaðarmótum. Enn sem fyrr er það starfsfólk úr mannvirkjagerð sem er fjölmennast í hópi nýskráðra en einnig er starfsfólk úr iðnaði og verslun áberandi. Dregið hefur úr fjölguninni á Suðurnesjum. Verkafólk er enn fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysissskrá en fjölgunin er mest í hópi iðnaðarmanna og stjórnenda véla og bifreiðastjóra.

Í nóvember sl. bárust tólf tilkynningar um hópuppsagnir til Vinnumálastofnunar þar sem um 560 starfsmönnum var sagt upp störfum. Á árinu hefur tæpum 5.000 starfsmönnum verið sagt upp störfum með hópuppsögnum en stærsti hluti uppsagnanna barst í lok október eða tæp 60%.

Samtals voru 972 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok nóvember, þar af 648 Pólverjar eða um 2/3 hlutar þeirra útlendinga sem voru á skrá í lok nóvember. Þetta er um fimmföldun á fjölda erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá stofnunarinnar en langflestir þeirra voru starfandi í byggingariðnaði. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að um 12-13 þúsund erlendir ríkisborgarar hafi verið við vinnu um mánaðamótin nóvember og desember en stofnun gerir jafnframt ráð fyrir að þeim muni fækka í desember og verða nálægt 10.000 manns um áramótin.

Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að meðalatvinnuleysi í desember stefni í að verða um 5%. Könnun hefur verið gerð meðal almennings á Suðvesturlandi og á Norðurlandi eystra og benda fyrstu niðurstöður hennar að um 5-6 þúsund manns hafi verið á uppsagnarfresti í lok nóvember þegar könnunin var gerð. Það hlutfall sem taldi mjög líklegt að það missi vinnuna á næstu þremur mánuðum svarar til um 4-5 þúsund manns og það hlutfall sem taldi atvinnumissir frekar líklegan svarar til 3-4 þúsund manns. Niðurstöður könnunarinnar benda til að atvinnuleitendur verði nálægt 15.000 í lok febrúar og þá verði skráð atvinnuleysi um og yfir 8%.

Þá má einnig álykta út frá niðurstöðum könnunarinnar að starfshlutfall minnki hjá um 30 þúsund manns, yfirvinnugreiðslur dragist saman hjá nær 40 þúsund manns og laun komi til með að lækka hjá um 20 þúsund manns en þarna kann að vera um sama fólkið að ræða í þessum tölum. Þá benda niðurstöðurnar til að um 10.000 manns telji líklegt að það flytji til útlanda á næstu mánuðum en þar af var um helmingur sem taldi það mjög líklegt. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun birti niðurstöður könnunarinnar í heild fyrir jólin.

Samantekt.

Ljóst er að vegna þrenginga í efnahagslífi þjóðarinnar ríkir nokkur óvissa um stöðu og þróun á innlendum vinnumarkaði á næstu mánuðum. Upplýsingar um skráningu atvinnulausra hjá Vinnumálastofnun gefa til kynna að þeim hefur fjölgað mjög hratt undanfarnar vikur sem hafa misst störf sín og margt sem bendir til þess að þeim eigi eftir að fjölga enn frekar á næsta ári. Aðstæður hafa því breyst mjög hratt til hins verra á innlendum vinnumarkaði og erfitt að meta hversu langt er að bíða þess að atvinnuástand batni á nýjan leik.

Samningurinn um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópska efnahagssvæðinu hefur að geyma ákvæði sem heimila ríkjum að viðhalda takmörkunum á fjálsu flæði fólks frá þessum ríkjum í allt að sjö ár frá aðild þeirra að samningnum. Slíkar takmarkanir teljast eðlilegar til þess að koma í veg fyrir of snörp áhrif á vinnumarkaði ríkjanna.

Beiting öryggisráðstafana samkvæmt 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er neyðaraðgerð sem aldrei hefur reynt á í EES-samstarfinu. Slík ákvörðun þarf að vera vel ígrunduð og rökstudd, enda miðað við að þær ráðstafanir takmarkist við það sem telst bráðnauðsynlegt til að ráða bót á því ástandi sem hefur skapast og skulu þær valdar með það að markmiði að raska sem minnst framkvæmd samningsins.

Við mat á því hvort grípa skuli til öryggisráðstafana 112. gr. samningsins verður jafnframt talið að líta verði til þess að atvinnuástandið hér á landi hefur á undanförunum misserum verið mjög gott og með því besta sem þekkist innan Evrópska efnahagssvæðisins. Til samanburðar mældist atvinnuleysi innan Evrópusambandsins að meðaltali 6,9% á þriðja ársfjórðungi 2008 (júlí-september) og 7,2% á árinu 2007. Í Noregi mældist atvinnuleysi að meðaltali 2,5% á þriðja ársfjórðungi 2008 og 2,6% á árinu 2007.

Hið góða atvinnuástand, þar sem framboð starfa var langt umfram eftirspurn, hafði óneitanlega mikil áhrif á komu fjölda erlendra starfsmanna hingað til lands. Við fyrrgreint mat þarf því jafnframt að líta til þeirra lögmála sem gilda um áhrif framboðs starfa og eftirspurnar á vinnumarkaði á fjölda erlendra starfsmanna sem þegar hafa aðgengi að innlendum vinnumarkaði. Gera verður ráð fyrir að þegar atvinnuástandið verður ótryggt og laus störf ekki lengur í boði á vinnumarkaði verði ekki eftirsóknarvert fyrir erlenda ríkisborgara að koma hingað til lands í þeim tilgangi að afla sér lífsviðurværis. Má því ætla að eðlislæg lögmál markaðarins hafi þarna töluverð áhrif en svo unnt sé að meta þessi áhrif með markvissum hætti þarf að líða lengri tími frá því að efnahagsþrengingarnar hófust fyrir alvöru í október sl.

Þegar litið er til alls framangreinds og þá sérstaklega til áður nefndrar meðalhöfsreglu 2. mgr. 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er það mat félags- og tryggingamálaráðuneytisins að aðstæður á innlendum vinnumarkaði réttlæti ekki að svo stöddu að íslensk stjórnvöld grípi einhliða til öryggisráðstafana skv. 112. gr. samningsins. Slík ákvörðun væri viðurhlutamikil og gæti haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Engu síður telur ráðuneytið mikilvægt að aðlögunarheimildir stækkunarsamningsins frá 2007 að því er varðar aðgengi Búlgara og Rúmena að lausum störfum á innlendum vinnumarkaði verði nýttar að teknu tilliti til aðstæðna, enda er þar um að ræða takmörkun á aðgengi hóps atvinnuleitenda sem hefur ekki áður haft slíkt aðgengi að innlendum vinnumarkaði. Er þetta ekki síst talið mikilvægt í ljósi þess að önnur aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa hug á að nýta sér framangreindar aðlögunarheimildir að því er varðar aðgengi þessara ríkisborgara að vinnumörkuðum sínum.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Arnljótsdóttir

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir



11. des. 2008

Félags- og tryggingamálaráðuneytið
Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri.

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis vísar eftirtöldum spurningum til félags- og tryggingamálaráðuneytisins í tengslum við umfjöllun nefndarinnar um 179. mál – frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl. (framlenging aðlögunartíma).

Nefndin óskar þess að álit ráðuneytisins berist eigi síðar en mánudaginn 15. desember, nk.

1. Hvers vegna er ekki beitt undanþáguákvæðum þeim sem lögfest eru með 112. og 113. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, til að takmarka aðgang að íslenskum vinnumarkaði í stað þess að flytja frumvarpið?
2. Duga ákvæði framannefndra greina til að takmarka aðgang að vinnumarkaði, við sambærilegar aðstæður og nú eru? Þ.e. væri hægt að loka aðgangi ríkisborgara Evrópskra efnahagssvæðisins að hluta vinnumarkaðar með vísan í alvarlega efnahagslega, þjóðfélagslega eða umhverfislega erfiðleika, sbr. 112. gr.?
3. Við hvaða aðstæður á vinnumarkaði telur ráðuneytið að hægt sé að beita undanþáguákvæðum 112. og 113. gr.?

F.h. félags- og tryggingamálanefndar Alþingis,

Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLANEFND

15.12.2008

Alþingi
Mundi nr. B 129 475
Komudagur 15.12.2008

Felags- og tryggingamálanefnd Alþingis.

Umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 179. mál.
Fjölmeningarsetur gerir enga athugasemd í ljósi aukins atvinnuleysins og að mun herra hlutfall er meðal erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd Fjölmeningarseturs,

Elsa Arnardóttir, framkvæmdarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 136/624
komudagur 23.12.2008

Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 19. desember 2008

Tilvísun: 2008120936PS/--

Persónuvernd vísar til bréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 10. desember 2008, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002 (þskj. 222, 179. mál á 136. löggjafarþingi). Frumvarpið varðar ekki vinnslu persónuupplýsinga og gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson'.

Þórður Sveinsson
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/453
komudagur 12.12.2008

12.12.2008

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis.

Rauði kross Íslands þakkar fyrir að fá til umsagnar frv. til l. um breytingu á lögum um frjáisan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 179. mál.
Rauði krossinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Með bestu kveðju / Best regards,

Aðalheiður Birgisdóttir

Rauði kross Íslands / Icelandic Red Cross

Sími/Telephone +354 570 4022, gsm/mobile +354 862 6298

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2008

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 179. mál.

Samningarnir um inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópusambandið gera ekki ráð fyrir að þau ákvæði tækju gildi að því er varðar frjálsa för ríkisborgara þessara ríkja sem launamanna innan svæðisins fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2009. Með þessu frumvarpi er verið að fresta frjálsri för ofangreindra ríkisborgara á Íslandi til 1. Janúar 2012 en aðildarríkjum Evrópusambandsins er heimilt að fresta giidistöku ákvæðanna í allt að fimm ár til viðbótar eða til 1. janúar 2014.

Samtök fiskvinnslustöðva gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka fiskvinnslustöðva



Guðbergur Rúnarsson

Alþingi
Erindi nr. P 136/473
komudagur. 15.12.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. desember 2008

RH/SLB/070/08

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 179. mál.

Vísað er til bréfs, dags. 10. desember 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun þakkar fyrir að fá að koma að umsögn vegna ofangreinds lagafrumvarps. Tryggingastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 136/452
komudagur 11.11.2008



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. desember 2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 179. þingmál.

Útlendingastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, en bendir á að þar sem frestunaráhrif bráðabirgðaákvæðis II í lögum um útlendinga nær aðeins til a liðar 1. mgr. 36. gr. laganna, verður rúmenskum og búlgönskum borgurum áfram heimilt að koma til landsins á grundvelli þjónustusamninga. Áhrifin af lagasetningunni kunna því að vera takmörkuð.

Virðingarfyllst,

f.h. Útlendingastofnunar

Haukur Guðmundsson

Alþingi
Erindi nr. P 136/474
komudagur 15.12.2008



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um friðlsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002. (179. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að frelsi launafólks frá Búlgaríu og Rúmeníu til Íslands verði takmarkað til 1. janúar 2012, líkt og heimilt er í reglugerð ESB nr. 1612/68

Viðskiptaráð getur ekki fallist á að frelsi launþega frá öðrum EES löndum til Íslands verði takmarkað og skiptir engu um hvaða EES land ræðir, enda er engin þörf á slíkum takmörkunum. Rök greinargerðarinnar er að núverandi aðstæður á innlendum vinnumarkaði og óvissa um þróunina leiði til þess að framlengja eigi núverandi höft til 3 ára. Því miður halda þessi rök ekki vatni. Erlendir launþegar hafa flutt af landi brott í stórum stíl á undanförunum mánuðum enda er hér litla sem enga vinnu að fá – sérstaklega ekki á þeim mörkuðum þar sem þörfin fyrir þá var mest. Það liggur einnig fyrir að núverandi ástand mun vara í einhvern tíma og þar með liggur fyrir að lítil sem enginn hvati er fyrir launþega frá öðrum EES löndum að sækja Ísland heim í atvinnutengdum tilgangi. Þó svo slíkm hvata væri til að dreifa þá stendur íslenskum launþegum engin ógn af þeim erlendu – enda eru þeir að fullu samkeppnishæfir og gott betur.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs